Grunnleigusamningur.

Við undirritaðir hreppsnefndarmenn fyrir hönd Flateyrarhrepps eiganda Flateyrarlands sem leigusala, og ég undirritaður Jóhannes Andrésson Flateyri sem leigutaki gerum svofelldan

Grunnleigusamning.

1. gr. Leigusali selur leigutaka á leigu, lóð við Brimnesveg 22 A á Flateyri Lóð þessi er á stærð á hvern veg sem hér segir :
Frá austri til vesturs 25.5 metrar. Frá norðri til suðurs 10.6 m.
eða ~~267.75~~ 256 - tvö hundruð sextíu og sjö og 75/100 fermetrar.

2. gr. Hús og önnur mannvirki sem leigutaki gjörir á lóðinni eru hans eign sem hann má selja og veðsetja ásamt lóðarréttindunum, sem hann eðmleiðis má selja og veðsetja.

3. gr. Heimill skal leigutaka allur aðgangur og aðflutningar að húsi sínu. Eigi má hann hemla öðrum lóðarnotendum aðgang að húsum þeirra.

4. gr. Árgjald fyrir lóðarréttindin er kr. 27.00 skrifa Tuttugu og sjö krónur sem greiðist fyrir 31 des. ár hvert, í fyrsta sinn 31 des. 1939, til leigusala eða eftir tilvísun hans. Heimilt er leigusala á 10 ára fresti að láta dómkvadda menn meta verðhækkun hinnar leigðu lóðar, án umbóta og mannvirkja sem leigutaki hefir gert eða kann að gera á henni, og skulu þeir einnig meta hve mikið leigan skuli hækka samkvæmt því mati.

5. gr. Leigutaki greiði alla skatta og opinber gjöld af hinni leigðu lóð, og mannvirkjum sem á henni eru.

6. gr. Leigutíminn er 80- áttatíu ár frá 1 jan. 1940 að telja.

7. gr. Ekki má fara burt af lóðinni sand möl né grjót.

8. gr. Fyrir áföllnum árgjöldum skal leigusali hafa fjárnám veðrétt í öllum mannvirkjum leigutaka á lóðinni, sé hann ekki bundinn opinberri lánastofnun, annars þriðja veðrétt með uppfærslurétti, næst á eftir 2. veðrétti. Á fyrsta og öðrum veðrétti mega þó aldrei hvíla hærri upphæðir til samans en nemi 75 % af fasteignamatsverði mannvirkja leigutaka á lóðinni.

9. gr. Risi mál útaf samningi þessum skal það rekið fyrir gestarétti á Flateyri.

10. gr. Við undirskrift samnings þessa er úr gildi fallinn grunnleigusamningur um leigulóð þessa dags. 11 des. 1924.

Samningur þessi er gjörður í tveim samhljóða eintökum, sitt handa hvorum aðila.

Flateyri 1. desember 1939

f/h Flateyrarhrepps sem leigusala

Hjörtur Hjálmarsson
Hjörtur Jóhannsson
M. Guðmundsson
Ragnar G. P. Jakobsen

Sem leigutaki :
Jóhannes Andrésson

Vitundarvottar :

Kristján Kristjánsson
M. Guðmundsson

1505 0221.

Í grunnleigusamningi milli Flateyrarhrepps og Jóhannesar Andréssonar Brimnesvegi 22 Flateyri frá 1. desember 1939 hefur orðið misritun þannig,að þar sem stendur í 1. grein "Frá norðri til suðurs 10,5 metrar", á að vera 10,05 metrar.

Við undirritaðir óskum þess,að þetta verði leiðrétt samkvæmt ofan sögðu og þannig fært inn á gildandi grunnleigusamning um nefnda lóð.

Flateyri 14. okt. 1946.

Frh. Flateyrarhrepps

Lóðarhafi

Til sýslumannsskrifstofunnar
Ísafirði.